



Reykjavík, 7. janúar 2021

JAKI hugverkasamkeppni jafnréttisnefndar KÍ

Af hverju hugverkasamkeppni?

Jafnréttisnefnd KÍ leggur allt kapp á að auka jafnréttisnæmi bæði meðal kennara og nemenda á öllum skólastigum. Allsherjarjafnrétti í samfélaginu næst ekki nema skólakerfið allt sé þátttakandi í mótun og kennslu kynja- og jafnréttisfræði á öllum skólastigum að háskólum meðtöldum.

Jafnrétti er einn grunnþátta menntunar og á hann að koma við sögu í allri skólagöngu hvers barns á Íslandi. Með samkeppni sem þessari er ætlunin að ná til enn fleiri grunnþátta en jafnréttis. Mannréttindi og lýðræði eru hugtök af sama meiði og jafnrétti, því ekki næst jafnrétti nema mannréttindi séu höfð að leiðarljósi og lýðræði telst vart þroskað í samfélagi þar sem lítil meðvitund er um mikilvægi jafnréttis. Einnig er ljóst að jafnrétti allra stuðlar að heilbrigði og velferð fólks.

Ein leið til aukins jafnréttisnæmis er að velta fyrir sér hugtökum sem tengjast jafnrétti og læra að skilja þau og skynja. Nú er ætlun jafnréttisnefndar að hleypa af stokkunum hugverkasamkeppni á öllum skólastigum þar sem innblásturinn er jafnréttishugtak og merking þess. Með samkeppninni vill nefndin vekja skólasamfélagið til meðvitundar um breiða ásýnd jafnréttis og mikilvægi þess. Samkeppnin gengur útá að örva læsi nemenda á jafnréttismál og útfærslan verður alltaf sköpun af ýmsum toga.

Jafnréttisnefnd óskar þess að stjórnendur sendi þetta bréf áfram til kennara með hvatningu um þátttöku.

Von jafnréttisnefndar er að kennarar taki samkeppninni fagnandi og hvetji nemendur til þátttöku. Kennari þarf að velja hugtök af meðfylgjandi lista sem hæfa aldri nemenda og skýra þau út svo nemendurnir séu sem best í stakk búnir að nýta hugtak við sköpun sína. Um leið vonar jafnréttisnefnd að samkeppnin leiði til þess að jafnréttishugsjónin fái vægi í almennri kennslu.

Hvernig fer samkeppnin fram?

Sköpunarverkið

Meðfylgjandi er listi hugtaka og útskýringar með hverju þeirra. **Kennarar eru beðnir um að velja nokkur hugtök sem henta aldri þeirra nemenda og útskýra þau vandlega.** Nemendur velja sér hugtak og skapa út frá því eitthvert hugverk. Hér eru ekki settar hömlur á sköpunina heldur má túlka hugtakið með texta, myndlist, tónlist, dansi, eða hvaðeina sem þátttakanda dettur í hug. Tvö skilyrði eru til að hugverk teljist gjaldgengt:

- Koma þarf fram á einhvern hátt í verkinu hvaða hugtak veitti innblástur.
- Senda þarf upptöku eða mynd af verkinu sem viðhengi í tölvupósti.

Upplýsingar um þátttakendur

Nefna þarf verkið nafni svo dómnefnd eigi auðveldara með að vísa til þess þegar hún metur það. Í tölvupóstinum verður nafn og aldur (bekkur) höfunda að koma fram og nafn verksins. Athugið að dómnefnd metur myndir án vitneskju um höfunda og er mikilvægt að nafn listafólks birtist ekki á/í verkinu.

Flokkar þátttakenda

Þátttakendum er skipt í flokka eftir aldri og eru ein verðlaun í hverjum flokki. Skiptingin er sem hér segir:

- Leikskóli
- Grunnskóli 1.-4. bekkur
- Grunnskóli 5.-7. bekkur
- Grunnskóli 8.-10. bekkur
- Framhaldsskóli

Nemendur í tónlistarskólum teljast til nemenda á fyrrgreindum skólastigum eftir aldri.

Samkeppnin er einstaklingskeppni en það er ekkert því til fyrirstöðu að tveir eða fleiri taki sig saman um að senda verk. Þátttakendur eru beðnir um að hafa í huga að með innsendingu verks í keppnina veita þeir leyfi til birtingar þess á samfélagsmiðlum sem tilheyra jafnréttisnefnd KÍ.

Senda á hugverk á netfangið jaki@ki.is fyrir 1. mars 2021

Skipuð hefur verið dómnefnd fjögurra einstaklinga sem meta munu hugverkin.

Dómnefndina skipa:

Elín Þórdís Pálsdóttir tilnefnd af ungmennaráði Samfés
Jón Karl Jónsson smíðakennari í grunnskóla
Perla Eyfjörð Arnardóttir tilnefnd af ungmennaráði Samfés
Unnur Gísladóttir kynjafræðikennari í framhaldsskóla og forkona dómnefndar

Kennarasamband Íslands veitir verðlaun fyrir bestu og mest lýsandi hugverk í hverjum aldurshópi.

Jafnréttisnefnd KÍ mun setja í loftið Instagram-síðu undir heitinu JAKI á næstu dögum. Þar er hugmyndin að miðla fróðleik um jafnréttismál.

Með von um góðar viðtökur
F.h. jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
Forkona



Hugtök jafnréttis með útskýringum

Ableismi / fötlunarfordómar

Hugtakið ableismi er notað eins og hugtökin rasismi og sexismi, nema til að tala um það misrétti sem fatlað fólk verður fyrir. Fatlað fólk er ekki gallað og það þarf ekki að laga það heldur er það hluti af fjölbreyttri flóru samfélagsins. Samfélagið gerir ráð fyrir að allir séu ófatlaðir þess vegna á fatlað fólk oft erfitt með að taka þátt, mætir fordómum, hindrunum og fær ekki tækifæri eins og aðrir.

Druslustimplun

Manneskju er gert að skammast sín fyrir klæðnað eða hegðun sem talin er of kynferðisleg. Þau sem verða fyrir þessari stimplun haga sér ekki í samræmi við væntingar samfélagsins til kyns þeirra, klæðaburðar og/eða kynferðislegra athafna. Gagnkynhneigðir karlar fá síst þennan stimpil en ungar stúlkur líklegastar til að fá druslustimplun.

Feðraveldi

Feðraveldið er félagslegt kerfi þar sem karlar njóta forréttinda vegna kyns síns. Það þýðir að þeir stjórna samfélaginu og eignum, hafa félagsleg og efnahagsleg forréttindi, setja leikreglurnar o.s.frv. Þetta er réttlætt með þeim hugmyndum að karlar séu sterkari og hæfari en konur. Birtingarmynd feðraveldisins er sú að meiri virðing er borin fyrir því sem þykir karllægt, strákar og karlar fá meira rými og athygli í samfélaginu og það bitnar á stúlkum og konum. Feðraveldi ríkir í öllum samfélögum.

Fitusmánun/-fordómar

Fitusmánun eða -fordómar er það þegar við höfum fordóma fyrir feitum fólki og þau eru beitt misrétti. Litið er svo á að þau séu löt, hafi litla sjálfstjórn og að enginn vilji vera feitur. Þá eru heilbrigðisvandamál oft tengd við þyngd þeirra þrátt fyrir að vera ótengd henni og því fær fólk stundum verri heilbrigðisþjónustu og of litla aðstoð.

Forréttindi

Forréttindi eru þau réttindi, sem fólk sem tilheyrir hópi sem hefur meiri völd en annar, hefur. Allir hafa einhver forréttindi. Karlar hafa forréttindi gagnvart konum en hvítar konur hafa forréttindi gagnvart svörtum konum. Fatlaðar konur sem eru ríkar hafa forréttindi gagnvart fátækum fötluðum konum. Þegar við tölum um að einhver hafi forréttindi þýðir það ekki að manneskjan eigi aldrei erfitt eða upplifi aldrei neitt neikvætt, heldur er átt við að samfélagið umbunar okkur fyrir það hvernig við lítum út, hvaðan við komum, hvort við séum fötluð eða ekki, hvaða kyn eða kyntjúngu við höfum o.s.frv.

Hinsegin

Hugtakið hinsegin er regnhlíf fyrir alla sem eru ekki gagnkynhneigðir og/eða falla ekki inn í hefðbundnar hugmyndir um kyn eða kynhlutverk. Orðið var fyrst notað til að niðurlægja hinsegin fólk en hinsegin fólk tók orðið og gerði það að sínu.

- **Kynhneigð:** það hverjum við löðumst að, verðum skotin í eða ástfangin af. Þar undir er gagnkynhneigð, samkynhneigð, þankynhneigð, tvíkynhneigð, eikynhneigð o.fl.
- **Kynvitund og kyntjáning:** sum samfélög hafa litið svo á að það séu bara til tvö kyn, karlar og konur. Hins vegar er líffræðilegt kyn okkar mun fjölbreyttara (intersex) og fólk vill líka tjá kyn sitt með mismunandi hætti, til dæmis að ganga í hælaskóm og vera með skegg og/eða upplifa kyn sitt ekki í samræmi við það sem samfélagið segir.

Bent er á vefsíðuna Hinsegin frá Ö til A, otila.is, þar sem hægt er að fræðast um alla liti regnbogans.

Karlmennska

Þegar talað er um karlmennsku er átt við þær hugmyndir sem samfélagið hefur um karlmenn. Þeir eru hraustir, sterkir og harðir af sér og eru í yfirburði gagnvart konum. Karlmennskan hefur líka neikvæða hlið. Það er til dæmis sú staðalmynd um karla að þeir séu ofbeldisfullir í eðli sínu, að þeir sýni ekki tilfinningar og að hegðun þeirra megi útskýra vegna þess að þeir eru karlar. Þessar hugmyndir um karla geta búið til óraunhæfa pressu þar sem karlar geta t.d. upplifað að þeir verði að vera hraustir og standa sig sem getur haft þær afleiðingar að þeir upplifi þunglyndi, kvíða og jafnvel fíknivandamál. Vitað er að karlar lenda oftár í fangelsi, slysum og eiga erfitt með að leita sér hjálpar við vandamálum sínum, til dæmis geðheilbrigðisþjónustu.

Klámvæðing

Lýsir því þegar klám og vísanir í myndmál, táknmyndir og orðfæri kláms eru notaðar í okkar daglega umhverfi. Klámvæðing birtist víða en augljósust er hún í auglýsingum, tónlistarmyndböndum, kvikmyndum, teiknimyndum og tísku. Þetta hefur leitt til þess að klámfengið efni hefur orðið sýnilegt, smeygir sér inn í daglegt líf og þykir jafnvel eðlilegt (er normalíserað).

Kvenleiki/kvenska

Kvenleiki eru hugmyndir sem samfélagið hefur um það hvernig konur eru. Þær eru blíðar, umhyggjusamar, hafa ríka þjónustulund, kunna að elda og sauma og eru skörinni lægri en karlar. Þetta hefur þær neikvæðu afleiðingar að konur eru ekki álitnar góðir stjórnendur eða stjórnálagamenn, þær eru álitnar frekar og stjórnsamar en ekki góðir leiðtogar og eru álitnar ofurviðkvæmar eða dramatískar. Þetta megi útskýra því þær séu konur. Þetta veldur því að konur fá oft lægri laun fyrir svipuð störf en karlar, enn finnst óútskýrður launamunur kynjanna. Þær eru oftár þolendur ofbeldis, upplifa áreiti og virðingarleysi og eru undir meira álagi, vegna þess að þær vinna úti og bera oft meginábyrgð á heimilinu líka.

Kynbundið ofbeldi

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi sem manneskja verður fyrir vegna kyns síns. Oftast er talað um kynferðisofbeldi í því samhengi þegar konur eða kynsegin fólk verður fyrir ofbeldi af hendi karlmannna, vegna yfirburðastöðu þeirra í samfélaginu. Þetta þýðir ekki að konur beiti ekki ofbeldi eða að karlar séu aldrei þolendur. Kynbundið ofbeldi hefur margar birtingarmyndir, t.d. kynferðislegt, fjárhagslegt, stafrænt, andlegt o.fl. Konur eiga alls staðar á hættu að vera beittar kynbundnu ofbeldi og áreitni, í samböndum, á heimilinu, í vinnunni, í íþróttum, á skemmtistöðum og úti. Oft er konum kennt um og sagt að þær hefðu átt að passa sig eða haga sér öðruvísi.

Kynbundin áreitni

Niðurlægjandi athugasemdir og brandarar sem ætlaðar eru til að draga úr virðingu, láta fólki líða illa og benda á útlit eða atgervi einstaklinga. T.d. þegar nemendur tala um útlit kennara frekar en gæði hans eða þegar einhver er dæmdur vegna háttarlags og sagðir brandarar um það í stað þess að tala um það sem hann/hún/það gerir vel. Við erum óbeinir þátttakendur ef við hlæjum að bröndurunum og stoppum þá ekki. Þau sem passa ekki inn í ramma samfélagsins (hinsegin fólk, fatlað fólk o.s.frv.) lenda oft í þessu ásamt konum. Inntakið í kynbundinni áreitni tengist völdum og markmiðið er að draga úr valdi einstaklinganna eða hópsins sem verður fyrir áreitninni.

Kynferðisleg áreitni

Augnatillit, raddbeiting, bendingar eða boð um kynlíf er kynferðisleg áreitni. Þá er viðkomandi gerður að kynferðislegu viðfangi án vilja hans/hennar/þess. Þetta er gert til að draga úr virðingu og niðurlægja. Ef einstaklingur upplifir óþægindi og/eða eitthvað kynferðislegt í samskiptum við aðra er það kynferðisleg áreitni þrátt fyrir að gerandi vilji ekki viðurkenna það.

Líkamsvirðing

Mörgum líður illa með líkama sinn. Það er kannski ekki skrítið því líkamarnir sem við sjáum í bíómyndum og á samfélagsmiðlum eru ólíkir því sem við sjáum á hverjum degi. Samkvæmt samfélagsmiðlum og myndefni eiga allir að vera grannir og vöðvastæltir, með stórar varir og svo framvegis. Líkamsvirðing merkir að við berum virðingu fyrir líkama okkar og annarra og hugsum vel um hann. hreyfum okkur reglulega, nærumst, sofum nóg og hlustum á þarfir líkamans. Refsum okkur ekki með því að neita líkamanum um mat eða hreyfa okkur óhóflega. Við viljum ekki breyta okkur né öðrum. Við skiljum að allir líkamar eru ólíkir og fallegir á sinn hátt.

Rasismi / kynþáttafordómar

Rasismi eru fordómar og misrétti sem fólk verður fyrir vegna kynþáttar síns, það er hvernig þau líta út, hvaðan þau koma eða á hvað þau trú. Fólk heldur að það geti giskað á hvernig persónuleika og hegðun fólk hefur útaf því hvernig það lítur út.

Rasismi birtist stundum með mjög augljósum hætti, til dæmis með því að segja ljóta hluti eða beita ofbeldi. En oft er rasismi ósýnilegur.

Staðalmyndir

Staðalmyndir eru fyrirframákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins, til dæmis um hvernig það eigi að hegða sér og hvaða störf séu við hæfi þess. Við eigum það til að skilgreina ákveðin störf sem kvenna- og karlastörf sem veldur því að erfitt reynist að fjölga körlum í kvennastörfum en betur gengur að fjölda konum í karlastörfum.

Staðalmyndir geta haft mikil áhrif, sér í lagi á fólk sem tilheyrir hópum sem fylgja sterkar staðalmyndir og samskipti þeirra við aðra. Til að mynda getur sú staðalmynd að stúlkur séu glysgjarnar ýtt undir að keypt séu skrautleg og litrík föt fyrir þær án þess að kannað sé hvort þær hafi áhuga á slíkum fötum.